


Óskum öllum skíðamönnum
gleðilegra jóla og farsældar
á skíðamótum vetrarins

**Prentstofan Ísrún hf.**

*Öll prentþjónusta á einum stað, sími 94-3223*


# AUGLÝSINGA- OG KYNNINGARBLAÐ SKÍÐAMANNA 1987


ÚTGEFANDI: FERÐASJÓÐUR SKÍÐAMANNA, ÍSAFIRÐI. ÁBM.: BERMANN ÓLAFSSON

SETNING - UMBROT - FILMUVINNA - PRENTUN: PRENTSTOFAN ÍSRÚN




Hinn gamalreyndi skíðamaður, Pétur Pétursson, á Álftafjarðarheiði 21. maí 1945. Önundarfjörður í baksýn.


**SKÍÐAFERÐIR Í VETUR**

Austurríki — Zell am See

Frakkland — Meribel

Suður-Spánn — Sierra Nevada

Ferðaskrifstofa Vestfjarða

Símar 3457 og 3557, Ísafirði

Þeir vita hvar besta
kókóið í bænum fæst!



Sjáumst!

frábær
SKYNDIBITASTAÐUR

Sendum öllum okkar viðskiptavinum
bestu jóla- og nýárskveðjur.

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!



Kaupfélg Ísfirðinga

ÍSFIRÐINGAR!

ERUM BYRJAÐIR
AÐ BAKA ÞÝSKU
STOLLEN
JÓLABRAUÐIN
VINSÆLU



Gamla
bakaríið
AÐALSTRÆTI 24 ☎ 94-3226 ÍSAFIRÐI

Lundia® ER LAUSNIN



HÚSGAGNALOFTIÐ
LJÓNINU SKEIÐI 400 ÍSAFJÖRÐUR
SÍMI 4072 NNR. 9346-6519 PÓSTHÓLF 234

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ
ÍSAFIRÐI

Þau félög og einstaklingar sem óska eftir tímum í íþróttasalnum tímabilið janúar til maí, þurfa að sækja um skriflega fyrir 20. des. 1987.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunni.

Nánari upplýsingar gefur íþrótta- og æskulýðsfulltrúi í síma 3722.

HJÁLPARSVEIT SKÁTA
EINHERJAR
ÍSAFIRÐI

FLUGELDABAZAR

Flugeldabasar Hjálparsveitar skáta
verður í Skátaheimilinu dagana:

| | |
|---|---|
| 28. desember | kl. 14.00 — 19.00 |
| 29. desember | kl. 14.00 — 22.00 |
| 30. desember | kl. 14.00 — 22.00 |
| 31. desember | kl. 10.00 — 16.00 |

Hjálparsveit skáta, Ísafirði.



Sendum ísfirsku skíðafólki
baráttukveðjur og óskir um
góðan árangur á skíðamótum
komandi vetrar

ÚTGERÐ ARNARNESS

TORFNES HF.

# Frá stjórn SRÍ

Ágæti lesandi.

Blað þetta er ein af fjáröflunarleiðum Skíðaráðs Ísafjarðar til að standa straum af kostnaði við þjálfun, keppnisferðir og námskeið fyrir skíðabörn og unglinga á komandi vetri. En þetta blað dugar ekki til, því að kostnaður við að halda svona starfsemi gangandi er gífurlegur. Því erum við með ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir, svo sem rekstur pylsuvagns, firmakeppni og auglýsingar á lyftustaura. Einnig höfum við rekið niður stikur með sjálflýsandi merkjum meðfram þjóðvegum í N.Ísafjarðarsýslum fyrir Vegagerð Ríkisins s.l. tvö haust. Þá var farið af stað með að afla styrktaraðila Skíðaráðs s.l. haust, og var því vel tekið af almenningi og fyrirtækjum og er áætlað að halda því áfram í vetur. Einnig var farið að selja kartöflur nú í haust og er fyrirhugað að gera það aftur í febrúar n.k. Og þá má ekki gleyma því að við höfum verið með kertasölu fyrir jólin undanfarin jól og væntum við þess að þið takið vel á móti krökkunum þegar þau koma og banka upp á hjá ykkur og bjóða kerti til sölu í næstu viku.

Námskeiðahald verður með svipuðu sniði í vetur og verið hefur, nema hvað æfingar fyrir yngstu krakkana eru fyrirhugaðar síðdegis, en ekki á morgnana eins og áður.

Hefjast æfingarnar uppi á Seljalandsdal væntanlega um miðjan janúar n.k. og standa í 10 vikur.

Af þjálfaramálum er það að frétta að búið er að ráða Guðmund Rafn Kristjánsson fyrir gönguna en í alpagreinum munu þjálfa þau Þorlákur B. Kristjánsson, Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður M. Gunnarsdóttir. Þá erum við í samningum við þjálfara fyrir 10 - 11 og 12 ára krakkana, en ekki er búið að ráða þjálfara fyrir Skíðaval MÍ þegar þetta er skrifað. Það verður vonandi búið þegar þetta blað kemur út.

Á s.l. vetri var skíðafólk okkar sigursælt. Á skíðamóti Íslands sem haldið var hér á Ísafirði var Guðmundur Jóhannsson annar bæði í svigi og stórsvigi og þriðji í Bikarmóti Íslands. Guðmundur hefur dvalið með landsliðinu í Austurríki. Hann fer þaðan til Ítalíu og Sviss til að keppa, og fögnum við því að vera búin að fá landsliðsmann aftur í alpagreinum. Ásta Halldórsdóttir kom mjög á óvart á Landsmótinu og var sigurvegari í tveggja brauta keppninni þar sem hún var að keppa í fyrsta skipti í fullorðinsflokki.

Í göngu náðist mjög góður árangur. Einar Ólafsson varð íslandsmeistari í fullorðinsflokki og Rögnvaldur Ingþórsson varð íslandsmeistari í flokki 17 - 19 ára og einnig bikarmeistari. Í kvennaflokki varð Ósk Ebenezersdóttir bæði íslands- og bikarmeistari. Einnig skiptu þær Eyrún og Auður með sér öðru og þriðja sæti bæði í Íslandsmótinu og Bikarmótinu.

Unglingameistaramót Íslands var haldið á Akureyri s.l. vetur og náðist þar mjög góður árangur, sérstaklega í stúlknaflokkum. Í flokki 15 - 16 ára varð Ásta Halldórsdóttir íslandsmeistari unglinga og bikarmeistari. Hjá drengjum 15 - 16 ára varð Ólafur Sigurðsson íslandsmeistari unglinga í svigi og sigurvegari í Bikarkeppninni.

Í flokki 13 - 14 ára varð Sara Halldórsdóttir íslandsmeistari og einnig bikarmeistari. Bæði Ásta og Sara voru í sigursveit í flokkasvigi í hvorum flokki fyrir sig.

En svona árangur næst ekki nema með þrotlausri æfingu og mjög góðri ástundun og ekki síst reglusemi og einnig góðum stuðningi foreldra og ýmissa góðra fyrirtækja hér í bæ. Því finnst mér að það þurfi að opna augu þeirra sem sjá um stjórnun bæjarmála hér, hversu nauðsynlegt það er að unglingar og börn hafi góða aðstöðu til íþróttaiðkunar. Mér finnst ekki hafa verið staðið nógu vel að uppbyggingu á íþróttamannvirkjum hér í bæ, þó það hilli loks undir það að við fáum nýtt íþróttahús, en það má ekki verða til þess að önnur íþróttamannvirki verði látin sitja á hakanum næstu árin. Á ég þar við t.d. skíðasvæðið á Seljalandsdal og Sundhöllina okkar. Þessi tvö íþróttamannvirki voru stolt okkar þegar þau voru byggð og jafnvel önnur bæjarfélög öfunduðu okkar af þeim, en nú er það liðin tíð, því miður. Það sem mér finnst brýnast að sé gert í íþróttamálum núna á Seljalandsdal er að sett verði upp ný skíðalyfta og lýsing bætt stórlega, svo hægt sé að nýta svæðið betur fyrir almenning og keppendur og ekki síst bæjarfélagið. Það er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka fyrir bæjarfélagið í heild.

Að lokum vil ég þakka öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem stutt hafa starf okkar á undanförnum árum með ósk um áframhaldandi samstarf. Megi skíðaíþróttin dafna á ókomnum árum og hróður hennar vaxa, og vera okkur og bæjarfélaginu til sóma.

Með skíðakveðju
Bergmann Ólafsson

Formaður S.R.Í.


LOÐFÓÐRAÐUR SAMFESTINGUR:

ÞURR OG HLÝR ÞÓ MÓTI BLÁSI




Olíufélag útvegsmanna h.f.
Hafnarhúsi — 400 Ísafirði — Pósthólf 333 — Sími 94-3245


**Stjórn SRÍ 1987-88**

**Skíðaráð Ísafjarðar 1987-88 er skipað eftirtöldum:**

Bergmann Ólafsson formaður,
Flosi Kristjánsson, Geir Sigurðsson, Ingibjörg Jónasdóttir,
Ingþór Bjarnason, Signý Rósantsdóttir, Sigurður Sigurðsson.
Til vara: Gylfi Guðmundsson, Hafsteinn Ingólfsson,
Halldór Antonsson og Jóna Magnúsdóttir.




*Óskum ísfirskum skíðamönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýja árinu.*

Tryggvi Guðmundsson lögfræðingur

Óðins bakarí

Bókaverslun Jónasar Tómassonar

Helgarferðir með Ferðaskrifstofu Vestfjarða.

Ferðaskrifstofa Vestfjarða býður Vestfirðingum ódýrar helgarferðir í vetur. Bókum einnig á auglýstar leiksýningar og skemmtanir.

Þjónusta fyrir alla Vestfirði.

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.
Hafnarstræti 4
400 Ísafjörður

**Mikið úrval af nýjum
og sóluðum dekkjum**

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
ÍSAFJARÐAR
Njarðarsundi 2 - 400 Ísafirði



*Gleðileg jól,
gott og farsælt komandi ár.*

**ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.**

## *Ísfirðingar!*

***Þið fáið hraustlegt
og gott útlit
í sólbekkjunum hjá okkur.***

***Opið frá 16 - 22 alla virka daga***

RÚN

**Sólbaðsstofan
Rún**
Austurvegi 13 — Sími 3026

**Mikið úrval af vönduðum
fatnaði fyrir dömur og herra.**

Nýjar vörur
frá Danmörk og Þýskalandi:
Kjólar - blússur - pils -
skyrtur - buxur og fl.

**SELIÐ**

**Allt til hýbýlaprýði
fyrir jólin.**
Veggfóður - veggdúkar -
gólfdúkar - gólfteppi.
Hörpusilki, Hörpuskin
og Polytex plastmálning í tískulitum.
Lakk í sprautubrúsum, margir litir.
Einnig flestar aðrar málningarvörur.

**G. E. Sæmundsson,
málningarvöruverslun,
Aðalstræti 17, sími 3047.**

## SKÍÐAÁHUGAMENN!

Í snyrtivöruversluninni Krismu
getur þú fengið allt
í jólapakkann.

T.d.
Sjöl, trefla og hanska.
Sloppa og náttföt.
Og auðvitað ilmvötn og rakspíra.

Hvers vegna að leita langt yfir skammt?

P.s.
Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári með þökkum
fyrir viðskiptin á liðnum árum.



KRISMA
Ljónínu Skeiði - sími 4414

**Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.**



**Jón og Magnús
vélaleiga og verktakar
sími 4290**

Borgarferðir, helgar- og vikupakkar.

London, Glasgow, Hamborg, Amsterdam.

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.

þri mið fim fös lau sun mán þri mi
2 3 4 5 6 7 8 9 1

Nú eru hinar **vinsælu helgarferðir okkar innanlands** komnar í fullan gang. Þetta eru ódýrar ferðir sem innihalda flug **til Reykjavíkur frá tuttugu stöðum** á landinu en einnig **frá Reykjavík til Akureyrar, Egilsstaða, Hornafjarðar, Húsavíkur, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.** Gist er á völdum hótelum og sumstaðar er morgunverður einnig innifalinn. Þessi skemmtilegi ferðamáti gefur einstaklingum, fjölskyldum og hópum möguleika á að breyta til, skipta um umhverfi um stundarsakir. Áhyggjur og daglegt amstur er skilið eftir heima meðan **notið er hins besta** sem býðst í ferðaþjónustu hér á landi – snætt á nýjum matsölustöðum, farið í leikhús eða kunningjarnir heimsóttir.
Helgarferð er ómetanleg upplyfting.

NÝJAR REGLUR UM APEX
Í INNANLANDSDLUGI

Apex er ódýr og þægilegur ferðamáti fyrir þá sem hafa fastráðið hvað þeir verða lengi í ferðinni.

Til og frá Reykjavík:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Akureyri | kr. 3.981 | Norðfjörður | kr. 5.276 |
| Egilsstaðir | kr. 5.316 | Patreksfjörður | kr. 3.598 |
| Hornafjörður | kr. 4.686 | Sauðárkrókur | kr. 3.598 |
| Húsavík | kr. 4.509 | Þingeyri | kr. 3.558 |
| Ísafjörður | kr. 3.717 | Vestmannaeyjar | kr. 2.585 |

Apex fargjöldin gilda einnig í framhaldsflugi með samstarfsflugfélögum til og frá stöðum fyrir vestan, norðan og austan. Þú færð upplýsingar um þetta hagkvæma ferðafyrirkomulag hjá Flugleiðum, umboðsmönnum og ferðaskrifstofum.

FLUGLEIÐIR



Áætlunarflug um Vestfirði alla virka daga.

Áætlunarflug frá Suðureyri til Reykjavíkur sunnud., mánud., miðvikud. og föstudaga.

Almenn ferða- og bílaleiguþjónusta.

☎ 4200 & 3698

FLUGFÉLAGIÐ ERNIR HF ÍSAFIRÐI

***Vörn gegn vætu!***

***Vatnsverjum skíðafatnaðinn***



EFNALAUGIN ALBERT
Fjarðarstræti 16, 400 Ísafirði
Sími 4670



**Hlaðarnir af jólakonfektinu stækka með hverjum deginum Verðið er jafn hagstætt og undanfarin jól.**



HAMRABORG HF.

**Skíðapistill:**

# Skíðaganga

Nú er að líða að nýju keppnistímabili sem hefst í janúar og stendur til apríl-loka. Vonandi verður kominn nægur snjór á skíðasvæðin fyrir þann tíma. Fáar íþróttir eru eins háðar veðri og skíðaíþróttin. Þar veltur allt á því hvort snjóar eða ekki. Að undanförnu höfum við sem teljumst „áhugasamir skíðamenn" tekið eftir því að ef snjólaust er í bænum þá koma fáir á skíði, þó nægur snjór sé á skíðasvæðinu. Þetta hefur verið svona í nokkur ár og er ekki staðbundið við Ísafjörð. Fyrir íþrótt eins og skíðagönguna þá skiptir einnig miklu að aðstaðan sé nálæg og aðgengileg. Þetta sást vel á árunum '83 og '84, þegar hægt var að spora brautir á Torfnessvæðinu og það upplýst. Þarna var mjög mikil og almenn iðkun.

Á þessum vettvangi hefur það verið venja að fjalla um árangur ísfirskra skíðamanna á síðasta vetri. Það skal einnig gert hér, enda er það góður siður að skoða þessi mál reglulega og minna á sig og koma góðum hlutum á framfæri. Í byrjun ætla ég þó að fara yfir skipulag skíðamóta. Á hverjum vetri eru haldin nokkur innanhéraðsmót í öllum flokkum, svo sem Vestfjarðamót og Harðarganga. Þá eru í gangi Bikarmót SKÍ (Skíðasambands Íslands) fyrir 13 ára og eldri, þrjú í unglingaflokkum og fjögur í eldri flokkum. Bikarmótin eru haldin á helstu skíðastöðum landsins og í lok keppnistímabilsins er reiknað út hver hefur orðið Bikarmeistari SKÍ, en það verður sá/sú, sem hlotið hefur flest stig út úr tilteknum fjölda keppna á vetrinum. Á síðari hluta vetrar eru haldin meistaramót, Skíðamót Íslands (SMÍ) og Unglingameistaramót Íslands (UMÍ). Þessi mót reiknast einnig inn í Bikarkeppnina.

Börnin (7 - 12 ára) koma svo saman á Andrésar Andarleikum á Akureyri og taka þátt í fjölmennasta skíðamóti á Íslandi, þar sem um 500 börn mæta árlega upp úr miðjum apríl. Fyrir trimmara eru í gangi röð af göngum sem nefnist Íslandsgangan. Göngurnar eru fimm og haldnar á Egilsstöðum, Akureyri, Ólafsfirði, Reykjavík og síðast er Fossavatnsgangan hér á Ísafirði. Gengið er í mörgum flokkum frá 17 ára og upp úr. Í þessum göngum geta menn safnað stigum og sá/sú er flest stig hefur úr þremur göngum af fimm vinnur Íslandsgönguna. Árangur Ísfirðinga á síðasta vetri var góður og hefur sjaldan verið betri. Þar sem ekki er hægt að setja „met" í skíðaíþróttinni þá er hér talað um sæti í keppnum. Hér á eftir kemur tafla er sýnir í hvaða sætum ísfirskir keppendur höfnuðu á Bikarmótum vetrarins. Vegna veðurs þá gaf ekki að fljúga til Akureyrar þegar þar var haldið bikarmót.

| Flokkur 10 - 11 ára drengja. | 2 km H | 1,5 km F |
|---|---|---|
| Hlynur Guðmundsson | 2 | 2 |
| Pétur Sigurðsson | 4 | 3 |
| **Flokkur 12 ára stúlkna.** | **2 km H** | **1,5 km F** |
| Guðbjörg Sigurðaradóttir | 2 | 3 |
| **Flokkur 12 ára drengja.** | **2,5 km H** | **2,5 km F** |
| Árni F. Elíasson | 6 | 8 |
| Gísli Árnason | 4 | 5 |

Ísfirðingar urðu sigursælir á Skíðamóti Íslands, unnu boðgöngu karla þriðja árið í röð og Einar Ólafsson og Rögnvaldur D. Ingþórsson skipuðu sveitina ásamt Bjarna Gunnarssyni. Einar og Rögnvaldur unnu báðar einstaklingsgreinarnar ásamt tvíkeppni í skíðagöngu. Þeir kræktu sér sem sagt í fjögur gull hvor. Þá vann Ósk Ebenezersdóttir þrefalt. Úr göngugreinum Skíðamóts Íslands fengu Ísfirðingar 10 gull af 10 mögulegum, 3 silfur af 10 og 6 brons af 10, eða 19 verðlaun af 30 mögulegum. Rögnvaldur og Ósk urðu einnig Bikarmeistarar SKÍ með fullt hús stiga.

Unglingarnir létu einnig til sín taka og mikil keppni var í flokki drengja 13 - 14 ára og í byrjun stóð Bjarni Brynjólfsson sig best, en Daníel sótti í sig veðrið og náði öðru sæti á Unglinga-m.m. Ísl. aðeins 8 sek. frá sigri. Einnig var mjög hörð og jöfn keppni í boðgöngu á mótinu og höfnuðu strákarnir í öðru sæti, einnig 8 sek. á eftir. Í sveitinni var auk Bjarna og Daníels, Kristmann Kristmannsson. Þá stóð Valborg Konráðsdóttir sig vel á UMÍ, þegar hún náði 2. sæti, en fyrr á vetrinum höfðu þær Helga B. Kristjánsdóttir verið svipaðar og Helga náði tvívegis þriðja sæti á bikarmóti. Í flokki drengja 15 - 16 ára áttum við aðeins einn keppanda Óskar Jakobsson.

Á Andrésar Andarleikunum kepptu fimm Ísfirðingar og árangur er sýndur hér að neðan

Taflan hér að neðan sýnir árangur Ísfirðinga á Bikarmótum vetrarins '86 - '87.

| 13 - 14 ára drengir. | Ís. 5F | Ól. 5F | Si. 5H | UMÍ 5H |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni Brynjólfsson | 2 | 2 | 4 | 4 |
| Daníel Jakobsson | 4 | 6 | 3 | 2 |
| Kristmann Kristmannss. | 7 | 7 | 7 | 7 |

| 13 - 15 ára stúlkur. | Ís 2,5F | Ól. 2,5F | Si. 2,5H | UMÍ 2,5H |
|---|---|---|---|---|
| Helga B. Kristjánsd. | 3 | 5 | 3 | 4 |
| Valborg Konráðsd. | 3 | 3 | 4 | 2 |

| 15 - 16 ára drengir. | Ís 7,5F | Ól. 7,5F | Si. 7,5H | UMÍ 7,5H |
|---|---|---|---|---|
| Óskar Jakobsson. | 4 | 3 | 2 | 3 |

| 16 ára og eldri konur. | Ís 3,5F | Ak. 5H | Ól. 7,5F | Si. 5H | 5F | SMÍ 7,5H | TVÍK. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auður Yngvadóttir | | | | 4 | 2 | 2 | |
| Eyrún S. Ingólfsd. | 2 | | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 |
| Ósk Ebenezersd. | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |

| 17 - 19 ára piltar. | 10F | 10H | 15F | 10H | 10F | SMÍ 15H | TVÍK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heimir Hansson | 6 | | 6 | 6 | 6 | 5 | 6 |
| Rögnvaldur D. Ingþórss. | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |

| 20 ára og eldri karlar. | 15F | 15H | 30F | 15H | 15F | SÍM 30H | TVÍK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni Gunnarsson | 2 | | | 5 | 3 | 8 | 4 |
| Brynjar Guðbjartsson | | | 4 | 7 | 6 | 4 | 5 |
| Einar Ólafsson | | | | | 1 | 1 | 1 |
| Þröstur Jóhannesson | | | 2 | 1 | 4 | 2 | 3 |

Ís. er bikarmót á Ísafirði, Ak. á Akureyri, Ól. á Ólafsfirði, Si. á Siglufirði. Þá stendur UMÍ fyrir Unglingameistaramót Ísl. og SMÍ fyrir Skíðamót Íslands.

Í Lambagöngunni á Akureyri var hörð keppni á milli þeirra Rögnvaldar D. Ingþórssonar og Þrastar Jóhannessonar, og sigraði Þröstur með einnar sekúndu betri tíma. Í sömu göngu varð Brynjar Guðbjartsson fjórði og Heimir Hansson fimmti í flokki 17 - 34 ára. Ingþór Bjarnason varð þriðji í flokki 35 - 49 ára, og í Fjarðargöngunni á Ólafsfirði varð hann einnig þriðji. Þar kepptu einnig Sigurður Gunnarsson og Elías Sveinsson. Rögnvaldur var þar einnig og hafnaði í þriðja sæti í flokki 17 - 34 ára.

Ísfirðingar er tóku þátt í Íslandsgöngunni höfnuðu í eftirtöldum sætum.

| Flokkur 17 - 34 ára karlar. | |
|---|---|
| Rögnvaldur D. Ingþórsson | 2 |
| Þröstur Jóhannesson | 5 |
| Einar Ólafsson | 6 |
| Brynjar Guðbjartsson | 10 |
| Heimir Hansson | 13 |

| Flokkur 35 - 49 ára karlar. | |
|---|---|
| Ingþór Bjarnason | 3 |
| Sigurður Gunnarsson | 5 |
| Elías Sveinsson | 8 |
| Konráð Eggertsson | 9 - 10 |
| halldór Margeirsson | 12 |

| Flokkur 50 ára og eldir, karlar | |
|---|---|
| Gunnar Pétursson | 2 |
| Oddur Pétursson | 7 |
| Arnór Stígsson | 8 |
| Sigurður Jónsson | 9 |
| Sigurður Sigurðsson | 10 |
| Jóhannes G. Jónsson | 11 |

| Flokkur 17 -34ára konur | |
|---|---|
| Auður Yngvadóttir | 2 |
| Eyrún Ingólfsdóttir | 3 |
| Hjördís Hjartardóttir | 4 |
| Steina Ólafsdóttir | 5 |
| Unnur Árnadóttir | 6 |

Árangurinn er tilgreindur í sætum. H- er hefðbundin tækni og F- er frjáls, og talan fyrir framan er vegalengdin í km.

Sjáumst í vetur.

Þr.J.



### Guðmundur Ágústsson:

# Skíðaferð til Siglufjarðar

Sunnudaginn 29. mars s.l. héldu 5 ísfirskir skíðagöngukrakkar á aldrinum 10, 11 og 12 ára áleiðis til Siglufjarðar í æfingar- og keppnisferð ásamt þjálfara sínum, Þresti Jóhannessyni og Guðmundi Ágústssyni fararstjóra.

Fyrr um veturinn höfðu krakkarnir safnað í ferðasjóð með því að ganga í hús og safna áheitum, þar sem þau ætluðu sér að ganga samtals 60 km á skíðum. Það gerðu þau svo sunnudaginn 1. mars á Seljalandsdal með því að ganga 2 km hvert og eitt til skiptis, alls 6 sinnum, þannig að hver gekk 12 km. Reiknað var með að gangan tæki um 6 tíma, en krakkarnir luku henni á tæpum 5 tímum. Meðan á göngunni stóð höfðu þau aðstöðu til hvíldar og hressingar í Skíðheimum og sáu foreldrar um nestið.

Síðan rann hin langþráða stund upp er halda skyldi til Siglufjarðar.

Ferðinni hafði verið frestað um nokkra daga vegna ófærðar á Siglufirði, en farið var seinni part sunnudags með sömu vél og flutti eldra gönguliðið heim frá Siglufirði, en þar hafði það verið á punktamóti um helgina. Meðan á dvölinni á Siglufirði stóð var dvalið á íþróttamiðstöðinni á Hóli og sáum við sjálf um morgun- og hádegismat, en kvöldmatur var borðaður á heimilum úti í bæ hjá jafnöldrum krakkanna, því þau voru þeirra gestir á meðan á dvölinni á Siglufirði stóð.

Fyrsti dagurinn var notaður til skoðunarferða í bænum. Farið var í heimsókn í Síldarverksmiðjur ríkisins og Siglósíld og kirkjan skoðuð. Síðan var komið við í hesthúsinu hjá Gunnari Guðmundssyni, gamalkunnum skíðamanni, og bauð hann öllum krökkunum á hestbak.

Skíðaæfing hófst um fimmleytið en þá mættu siglfirsku krakkarnir ásamt Agli þjálfara sínum og stjórnaði hann sameiginlegri æfingu beggja hópanna. Eftir kvöldmat var svo kvöldvaka á Hóli fyrir siglfirsku krakkana í umsjá okkar Ísfirðinga.

Á þriðjudeginum var ætlunin að fara í heimsókn inn í Fljót til Trausta Sveinssonar að Bjarnargili, en hann er kunnur skíðagöngumaður og margfaldur Íslandsmeistari.



Áheitagangan 1. mars 1987. 60 km. Frá vinstri: Hlynur, Gísli, Guðbjörg, Pétur og Árni.

Þegar lagt var af stað frá Siglufirði var veðrið ekki sem best og gekk á með hvössum éljum. Þegar við vorum komin u.þ.b. hálfa leið að Bjarnargili var skyggni orðið svo slæmt að varla sást á milli bíla. Ákveðið var þá að snúa við, og þegar komið var út á Siglufjörð aftur var komið vitlaust veður. Það sem eftir var dags héldum við okkur mest innan dyra. Fresta varð kvöldvöku sem vera átti um kvöldið í umsjá Siglfirðinga, en í staðinn fengum við lánað vídeótæki, svo við gátum eytt kvöldinu fyrir framan sjónvarp, eftir að spólur höfðu verið sóttar út í bæ.

Á miðvikudeginum hafði veðrið að mestu gengið niður, en þó var talsverð snjókoma. Farið var á skíðum út í bæ fyrir hádegi.

Eftir hádegi tóku krakkarnir fram námsbækurnar, því frí höfðu þau fengið í skólanum með því skilyrði að þau hefðu bækur með norður og lærðu það sem þeim yrði sett fyrir af kennara.

Tímataka var seinni partinn, en þá komu siglfirsku krakkarnir ásamt Agli þjálfara. Lagður var ca 1.5 km hringur og gengu allir krakkarnir einn hring. Guðbjörg Sigurðardóttir var með þriðja besta tímann í stúlknaflokki 11 - 12 ára.

Gísli Árnason með besta tímann og Árni Freyr með annan besta tímann í strákaflokki 11 - 12 ára. Hlynur Guðmundsson var með besta tíma og Pétur Sigurðsson með annan tíma í strákaflokki 9 - 10 ára.

Um kvöldið var kvöldvaka í umsjá siglfirsku krakkanna.

Á fimmtudegi var veðrið ekki sem best og strax um morguninn var útséð með að ekki yrði hægt að fljúga frá Siglufirði. Deginum var eytt með heimsókn út í bæ, m.a. var komið í Siglufjarðarprentsmiðju.

Þegar heim var komið var farið á skíði og var sett upp boðgöngukeppni með þrem sveitum, blandað Ísfirðingum og Siglfirðingum. Eftir það var létt æfing og síðan farið í kvöldmat út í bæ. Kvöldvaka með ýmsum leikjum var um kvöldið.

Á föstudag var komið hið besta veður og var vaknað snemma, því búið var að ákveða, ef ekki yrði flugveður, að fara með rútu til Akureyrar og fljúga þaðan. Siglfirðingar voru á leið til Akureyrar á unglingameistaramótið og áttum við að fá far með þeim. Til þess kom þó ekki því hringt var rétt fyrir kl. níu um morguninn og okkur sagt að mæta strax í flugið. Drifið var í að borða morgunmatinn og allir hjálpuðust að við að pakka niður og ganga frá. Egill Rögnvaldsson sá svo um að keyra dótinu út á flugvöll.

Flogið var til Akureyrar og komið þangað rétt fyrir kl. 11. Þar fengum við að vita að flogið yrði til Ísafjarðar um kl. 15, svo ákveðið var að fara í skoðunarferð út í bæ.

Við borðuðum á Bautanum samkvæmt eindreginni ósk krakkanna. Eftir að við komum á flugvöllinn aftur urðum við að bíða þar í hálfan annan tíma eftir flugferð heim. Á leiðinni til Ísafjarðar var veður mjög gott, bjart og sólskin alla leið og útsýni því stórkostlegt.

Skíðaferðalag þetta til Siglufjarðar var krökkunum mjög ánægjulegt, þó veðrið hafi ekki verið upp á það besta meðan á dvölinni á stóð. Hugmyndin er að endurgjalda móttökur Siglfirðinganna með því að taka á móti þeim hér næsta vetur og að slíkar heimsóknir verði árviss viðburður til skiptis á hvorum stað.

Að endingu vilja krakkarnir koma á framfæri þakklæti til allra þeirra er gerðu þeim ferð þessa mögulega.

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.





Hafsteinn Vilhjálmsson
Umboðsverslun
Sími 3207

# Mótaskrá veturinn 1988

| Dagsetning | Mót | Grein | Flokkur | Mótshaldari |
|---|---|---|---|---|
| 23. - 24. janúar | Grænagarðsbikar | Svig | Fullorðnir | Ármann |
| 23. - 24. janúar | Boðganga | Ganga (H) | 13 ára og eldri | Skíðafélag |
| 30. - 31. janúar | Bikarmót, Akureyri | Alpagreinar | Fullorðnir | SRA |
| 30. - 31. janúar | Vestfjarðamót | Stórsvig | 14 ára og yngri | Vestri |
| 30. - 31. janúar | Harðargangan | Ganga (F) | Allir | Hörður |
| 6. - 7. febrúar | Vestfjarðamót | Stórsvig | 15 ára og eldri | Hörður |
| 6. - 7. febrúar | Bikarmót Akureyri | Ganga (H/F) | 13 ára og eldri | SRA |
| 13. - 14. febrúar | Bikarmót, Siglufirði | Alpagreinar | Fullorðnir | SSS |
| 13. - 14. febrúar | Bikarmót, Reykjavík | Alpagreinar | 15 - 16 ára | SKRR |
| 13. - 14. febrúar | Vestfjarðamót | Ganga (F) | Allir | Ármann |
| 13. - 14. febrúar | Fjarðargangan, Ólafsfirði | Íslandstrimm (H) | 16 ára og eldri | UÍÓ |
| 20. - 21. febrúar | Bikarmót, Dalvík | Alpagreinar | 13 - 14 ára | Skíðafélag Dalvíkur |
| 20. 21. febrúar | Bikarmót, Ólafsfirði | Norrænar greinar (F/H) | Fullorðnir | UÍÓ |
| 27. - 28. febrúar | Bikarmót, Reykjavík | Alpagreinar | Fullorðnir | SKRR |
| 27. - 28. febrúar | Bikarmót, Ólafsfirði | Alpagreinar | 15 - 16 ára | UÍÓ |
| 27. - 28. febrúar | Lambagangan, Akureyri | Íslandstrimm (H) | 16 ára og eldri | SRA |
| 2. mars | Framhaldsskólamót SKÍ, Ísafirði | Alpa + norrænar greinar | Frammhaldsskólanemar | MÍ |
| 6. - 07 mars | Bikarmót, Ísafirði | Alpagreinar | 13 - 14 ára | SRÍ |
| 6. - 07. mars | Skógargangan, Egilsstöðum | Íslandstrimm (H) | 16 ára og eldri | UÍA |
| 13. - 14. mars | Bikarmót, Ísafirði, Þorramót | Alpagreinar | Fullorðnir | SRÍ |
| 13. - 14. mars | Bikarmót, Ísafirði, Þorramót | Ganga (H/F) | 13 ára og eldri | SRÍ |
| 13. - 14. mars | Bikarmót, Akureyri | Alpagrinar | 15 - 16 ára | SRA |
| 20. - 21. mars | Ólafsmót | Alpagreinar / Ganga | 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 20. - 21. mars | Bláfjallagangan | Íslandstrimm | 16 ára og eldri | SKRR |
| 27. - 28. mars | Bikarmót, Dalvík | Alpagreinar | Fullorðnir | Skíðafélag Dalvíkur |
| 27. - 28. mars | Bikarmót, Siglufirði | Norrænar greinar (F/H) | 13 ár og eldri | SSS |
| 1. apríl | Vestfjarðamót | Svig | 12 ára og yngri | UMFB |
| 3. apríl | Vestfjarðamót | Svig | 13 - 16 ára | Ármann |
| 3. apríl | Vestfjarðamót | Ganga, (lengri vegalengd H) | 13 ára og eldri | Hörður |
| 4. apríl | Firmakeppni | Svig | Allir | Foreldraráð |
| 9. - 10. apríl | Öldungamót íslands, Akureyri | Alpagreinar / Ganga | 30 ára og eldri | SRA |
| 9. - 10. apríl | Unglingameistaramót, Siglufirði | Alpagr. / Norrænar gr. | 13 - 16 ára | SSS |
| 9. - 10. apríl | Vestfjarðamót | Svig | Fullorðnir | Vestri |
| 14. - 17. apríl | Skíðamót Íslands, Akureyri | Alpagr. / Norrænar gr. | Fullorðnir | SRA |
| 17. - 18. apríl | Swixmót | Ganga | 12 ára og yngri | Sporthlaðan |
| 21. - 24. apríl | Andrésar Andarleikar, Akureyri | Alpagr. / Norrænar gr. | 12 ára og yngri | SRA |
| 24. - 25. apríl | Vormót Foreldraráðs SRÍ | Svig | 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 30. - 1. apríl | Fossavatnsgangan, Ísafirði | Íslandstrimm | Allir | SRÍ / Skíðafélag |

# Af Einari Ólafssyni



Einar Ólafsson.

Okkar besti skíðamaður er tvímælalaust Einar Ólafsson. Einar hefur helgað sig íþrótt sinni undanfarin ár og sett markið hátt, stefnt að því að komast í röð þeirra bestu. Nú á þessu tímabili nær hann að æfa sama tímafjölda og bestu skíðagöngumenn heims, 650 - 700, eða að meðaltali 2 tíma alla daga ársins. Hér er aðeins talað um æfingatíma. Undirbúningur, upphitun, teygjur, böð og þ.h. ekki meðtalið.

Hvað þar svo til að ná því marki er stefnt er að. Jú, að æfa mikið dugar ekki eitt sér, en í grófum dráttum má skipta því í nokkra þætti.

Meðfæddir eiginleikar:

Þá hefur Einar, það höfum við séð.

Líkamlegt form:

Það næst með miklum æfingum, sem hann stundar nú.

Andlegt form. (jafnvægi):

Hérna koma inn atriði eins og fjölskylda, foreldrar, vinir o. fl. Viðhorf þeirra skipta miklu. Eftir því sem ég veit eru þessir hlutir í lagi hjá Einari.

Aðstaða:

Miklu skiptir að æfa og keppa við sömu aðstæður og þeir bestu og það gerir Einar með búsetu sinni í Svíþjóð þar sem sterkasta landslið heims í íþróttinni er í dag.

Fjárhagur:

Að geta verið í þessari aðstöðu og stundað svo miklar æfingar, kostar mikla peninga og áhyggjur af fjármálum koma inn á andlega ástandið. Þessi mál eru nú í góðu lagi og má það m.a. þakka nokkrum fyrirtækjum hér á Ísafirði er styrkja Einar myndarlega. Einnig fær hann styrk frá afreksmannasjóði ÍSÍ og SKÍ.

Þrátt fyrir það að öll atriði séu í lagi, sem nauðsynleg eru til að ná slíkum árangri er Einar stefnir að, er það aðeins einn og einn er nær alla leið á toppinn, í verðlaunasæti á OL og HM. Og það sést ekki fyrr en búið er að klifra alla leið og reyna. Nú er að koma að þessu stigi hjá Einari, ekki verðlaunasætinu, heldur því að æfingamagn, aðstaða og fjárhagur eru sambærileg við það sem þessir bestu höfðu er þeir komust inn í hóp 10 bestu. Sumir ná þangað og síðan ekki lengra, en einn og einn nær alla leið á toppinn. Þangað upp er engin stutt leið til, það tekur mörg ár með markvissri þjálfun.

Einar er eini íslenski skíðamaðurinn er ég veit um að hafi sett stefnuna svo hátt og lagt það á sig sem þarf til að komast að því hversu góður hann gæti orðið. Þetta sem hér hefur verið ritað er hugsað til þess að þeir sem koma til með að ræða um árangur Einars, hafi meiri þekkingu á því hvað þarf til, og fjalli um þessi mál af sanngirni.

Árangur Einars á síðasta vetri var góður, en þó náði hann ekki sama árangri og árið áður á Sænska meistaramótinu. Hér annars staðar í blaðinu hefur verið sagt frá árangri Einars á Skíðamóti Íslands, en ekki á erlendri grund, og skal það gert hér.

Í desember tók Einar þátt í tveimur Heimsbikarmótum (þau eru einnig haldin í skíðagöngu) í Ramsau í Austurríki og Cogne á Ítalíu. Hann var um miðjan hóp, eða nr. 74 og 75 af 150 og 160 keppendum. Tímamunur frá þeim besta (Gunde Svan) var um 3,30 mín. í þessum 15 km göngum.

Á sænska meistaramótinu var Einar að ná sér eftir influensu og stóð sig því ekki sem skyldi. Í Svíþjóð keppti Einar í mörgum mótum og vann nokkur þar sem þeir bestu voru ekki með. Hann var oftast um 3 mín. á eftir þessum bestu í sterkustu mótunum.

Í febrúar tók hann þátt í Heimsmeistaramótinu í Oberstdorf á V-Þýskalandi og keppti þar í 30, 15 og 50 km. Í 30 km göngu með hefðbundinni aðferð varð Einar Ólafsson nr. 38, 13 mín. á eftir Tomas Wassberg, Svíþjóð en um 80 keppendur hófu keppnina, sem var mjög erfið og margir hættu keppni, eða 15 alls. Tomas Wassberg sigraði með miklum yfirburðum um 2 mín á undan næsta, sem er mjög sjaldgæft á svo sterku móti.

Í 15 km göngunni með hefðbundinni aðferð varð Einar nr. 34,3 mín og 49 sek. á eftir sigurvegaranum Marco Albarello Ítalíu og 3 mín og 27 sek. á eftir Thomas Wassberg sem varð annar. 70 keppendur störtuðu og 76 komu í mark.

50 km gangan með frjálsri aðferð var án vafa besta ganga Einars. Hann varð nr. 26, tæpum 11 mín. á eftir ítalanum Maurillo de Zolt, sem sigraði, en svíinn Wassberg var annar, 20 sek. á eftir De Zolt. 66 keppendur hófu keppni og 56 komu í mark.

Nú í vetur er stefnan hjá Einari að komast á Ólympíuleikana í Calgary í Kanada og þar munum við líklega sjá merki þess hvort þau markmið er hann stefnir á munu nást.

Með þökk fyrir lesninguna.

Þröstur Jóhannesson.



*Skíðaráð Ísafjarðar sendir öllum styrktaraðilum og öðrum velunnurum bestu jóla og nýjársóskir með ósk um gott samstarf á komandi vetri.*


# Landsliðs-fréttir



Daníel Hilmarsson og Guðmundur Jóhannsson á Skíðamóti Íslands '87.

Undanfarið hafa bæði skíðalandslið Íslands, þ.e. göngu- og alpaliðin, verið á æfinga- og keppnisferðum erlendis. Ísfirðingar eiga sem kunnugt er menn í báðum liðum, A-liðsmanninn Einar Ólafsson og B-landsliðsmanninn Rögnvald Ingþórsson í göngu, og B-liðsmanninn Guðmund Jóhannsson í alpagreinum.



Göngulandsliðið á sumaræfingu við Akureyri í september sl. Á myndina vantar Einar Ólafsson.

Alpaliðið, undir stjórn Helmut Maier, er væntanlegt heim þann 13. desember n.k. eftir sex vikna úthald í Austurríki. Gönguliðið er nýkomið úr tveggja vikna ferð í Svíþjóð, og önnur ferð væntanleg í janúar. Nýr þjálfari hefur verið ráðinn fyrir liðið, Mats Westerlund frá Svíþjóð, en hann mun einnig verða íslenskum þjálfurum innan handar hér heima í vetur.


VETRARSPORT
FYRIR UNGA FÓLKIÐ



ORIGINAL STIGA VARIST EFTIRLÍKINGAR

SNJÓÞOTUR með stýri fyrir 6 ára og yngri. Verð kr. 2.090,-

BRUNSLEÐAR fyrir 6 ára og eldri. Verð kr. 4.690,- og kr. 5.690,-

TOPP VARA — GÆÐI Í FYRIRRÚMI

Þór
Vélsmiðjan Þór h.f.
Suðurgata 9
Sími 3711



Slysa-tryggingar

Við bjóðum hagstæð iðgjöld á öllum slysatryggingum

BÍ
Brunabótafélag Íslands
Ísafjarðarumboð,
Aðalstræti 22, sími 3164





*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN HF.
ÍSAFIRÐI

# Eftirtaldir styrkja útgáfu blaðsins



**Baðstofan**

**Bílaverkstæði Ísafjarðar**

**Blikksmiðja Erlendar**

**Búðanes hf.**

**Djúpbáturinn hf.**

**Eir hf.**

**Endurskoðunar- og bókhaldsstofa Guðmundar E. Kjartanssonar**

**Eplið**

**Félagsbúið Loðdýr**

**Guðmundur Þórðarson, byggingameistari**

**Gullauga**

**Hótel Ísafjörður**

**Ísverk hf.**

**JR vídeó**

**Leggur og skel**

**Ljósvakinn, Bolungarvík**

**Mjólkursamlag Ísfirðinga**

**Mjölvinnslan hf., Hnífsdal**

**Miðfell hf., Hnífsdal**

**Netagerð Vestfjarða hf.**

**Niðursuðuverksmiðja O. N. Olsen**

**Olíufélagið hf.**

**Orkubú Vestfjarða**

**Pólstækni hf.**

**Reiknistofa Vestfjarða**

**Rækjustöðin hf.**

**Skóverslun Leós**

**Skipasmíðastöð Marsellíusar hf.**

**Tannlæknastofan**

**Trésmíðaverkstæði Arnórs Stígssonar**

**Tækniþjónusta Vestfjarða**

**Útgerð Hafþórs hf.**

**Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga hf.**

**Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.**

**Veitingastaðurinn Krúsin**

**Verslunin Bimbó**

**Verslunin Búð**

**Þröstur Marsellíusson**



Óskum ísfirskum skíðamönnum
velgengni í vetur.

Eiríkur og Einar Valur sf.

*Gleðileg jól,
gott og farsælt komandi ár.*

Bílaverkstæði SS
Seljalandsvegi 86
Sími 94-3379
400 Ísafjörður
Nafnnúmer 1109-1199

**Hjá okkur eru gæðin framar öllu!**

Bjóðum kjötvörur frá öllum frægustu
framleiðendum landsins, t.d.

**KEA, SS OG ALI**

Okkar vörur svíkja ekki á hátíðarstundu

**Sælgæti og konfekt
í úrvali**

Niðursoðið, ferskt og frosið grænmeti
og ávextir í úrvali

**Búð sem stendur undir nafni**

**VÖRUVAL**



Gleðileg jól,
gott og farsælt komandi ár.

ÍSFANG

*Óskum ísfirskum skíðamönnum
velgengni í vetur.*

**EIMSKIP**



**Þau eru brosandi á svipinn þó keppni sé framundan.**



**Stella, Sigrún og Silla. Ekkert stress, bara slappa af.**

**vestfirska FRÉTTABLAÐIÐ**

frjálst og óháð,
um alla
Vestfirði
í hverri viku

**Síminn er 4011**

### Þórunn Pálsdóttir og fleiri:

# „Er engin sól á Íslandi?"

**Ferðasaga**

Farin var æfingaferð til Kaprun í Austurríki þann 16. ágúst s.l.. Í ferðina fóru 13 ungmenni á aldrinum 15 - 18 ára, auk tveggja fararstjóra. Fararstjórar í þessari ferð voru Guðmundur Jóhannsson og Dagný Pétursdóttir.

Við flugum til Salzburg og ókum síðan til Kaprun, en það er rúmlega tveggja tíma akstur.

Fyrsta deginum eyddum við í að skoða okkur um, keyptum póstkort, fórum í sund og slöppuðum af.

Strax á öðrum degi byrjuðu æfingarnar. Á morgnana vöknuðum við kl. 6:45 (að staðartíma, kl. 4:45 að íslenskum tíma). Lagt var af stað á skíði kl. 7:40. Við fórum með rútu og síðan með lest áleiðis upp í gegn um sjálft fjallið sem við skíðuðum á. Síðan var farið ýmist með kláf eða stólalyftu upp í brekku.



Hópurinn sem fór til Kaprun, ásamt fararstjórunum þeim Guðmundi Jóhannssyni og Dagný Pétursdóttur.

Á skíði komumst við loksins um kl. 8:45. Við skíðuðum til kl. 2, með hálftíma matarhléi.

Fyrsta daginn hittum við þjálfaranna okkar. Hann er austurrískur og heitir Wolfgang. Hann reyndist okkur mjög vel.

Ýmislegt fleira gerðum við okkur til skemmtunar, annað en að skíða. Við fengum tvo frídaga, sem við notfærðum okkur vel. Við fórum að skoða saltnámu sem er rétt hjá Salzburg. Þessi saltnáma liggur inn í Þýskaland.

Einnig fórum við í bobsleðabraut, tennis- og verslunarleiðangra bæði til Salzburg og Zell am See.

Tvisvar fórum við á hjólabáta og seglbretti. Við tókum líka á leigu reiðhjól og hjóluðum til Zell am See í minigolf, en það er um 10 km leið. Svo fórum við líka í fótbolta, aerobik, körfubolta o. fl.

Veðurguðirnir sýndu á sér margar hliðar. Veðrið sveiflaðist allt frá 50°C hita og niður í þrumur og eldingar. Dagana sem rigningarnar geysuðu voru hin mestu flóð sem landsbúar muna eftir. Rigninguna notfærði fólkið sér svo á ýmsan hátt. Hver sólargeisli var líka nýttur til hins ýtrasta og fengum við í því sambandi á okkur spurninguna „Er engin sól á Íslandi?"

Tekið var mjög vel á móti okkur og dekrað við okkur á alla lund. Bræðurnir Herbert og Matthaeus Thayer, eigendur skíðaskólans sem við vorum í, buðu okkur alla þessa skemmtun sem við urðum aðnjótandi. Síðasta kvöldið okkar í Kaprun, buðu þeir okkur í stórkostlega grillveislu. Þar voru hinar ýmsu uppákomur, s.s.



Fleira var gert en að skíða.

krikket, golf, baseball og ýmsir leikir.

Áttu aðstandendur skíðaskólans í Kaprun sinn þátt í því að gera þessa ferð svo ánægjulega sem raun varð á.

Svona ferð verður ekki farin nema með góðri fjáröflun og samhentu átaki unglinganna og foreldra.

Undirbúningur þessarar ferðar hófst 1985, með því að nokkrir foreldrar tóku að sér að laga og bæta við fjárgirðingu bæjarins og er þetta orðinn fastur liður á hverju vori. Þá hafa skíðakrakkarnir og foreldrar þeirra tekið að sér vorhreinsun hér í bæ, bæði fyrir bæinn og nokkur fyrirtæki síðastliðin tvö sumur. Einnig tóku þau að sér að setja torf á lóð Dvalarheimilis aldraðra, Hlíf við Torfnes.

Þessi fjáröflun nægði til þess að unglingarnir þurftu aðeins að borga gjaldeyrinn (eyðslufé). Það er fyrirhugað að fara svona ferðir annað hvert ár ef næg fjáröflun og samstaða unglinga, barna og foreldra næst. Því svona fjáröflun næst ekki ef hún lendir á fárra höndum. Að lokum viljum við þakka yngri krökkum fyrir þeirra aðstoð og ekki síst foreldrum, sem hafa verið driffjöðrin í þessum fjáröflunum og skipulagi þessarar ferðar.



Unnið við hreinsun í bænum.

Sjáirðu mun á rauðu og svörtu geturðu ferðast ódýrt

MINIPRIS
50%
AFSLÁTTUR

50% afsláttur til Akureyrar
á miðvikudögum og sunnudögum.
Þessir dagar eru merktir með rauðu í vetraráætlun okkar, sem liggur frammi hjá umboðsmönnum, ferðaskrifstofum og á flugvöllum.
Upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Vestfjarða og Flugleiðum.

flugfélag norðurlands hf.

**HRÖNN HF.**
**ÍSAFIRÐI**

**Hjá okkur færðu nytsama jólagjöf á góðu verði**

STÓRGLÆSILEGT
ÚRVAL



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

**PÓLLINN HF.**

SÍMI 3792
VERSLUN HINNA VANDLÁTU

PÓLLINN HF

*Hjá okkur fæst ýmislegt í jólapakkann t.d. speglar, snyrtitöskur, sundpokar og frábærar grifflur á smáfólkið.*

*OPNUNARTÍMI Í DESEMBER*
*Alla daga nema sunnudaga.*

| | |
|---|---|
| Laugardag 5. des. | kl. 9 - 16 |
| Laugardag 12. des. | kl. 9 - 18 |
| Laugardag 19. des. | kl. 9 - 20 |
| Miðvikud. 23. des. | kl. 9 - 20 |

*LOKAÐ AÐFANGADAG*

TOPPHÁR
HÁRGREIÐSLUSTOFA
SNYRTIVÖRUVERSLUN
AÐALSTRÆTI 11 ÍSAFIRÐI SÍMI 3517

**Frábærar gjafavörur. Jólaskraut í úrvali.**
**KERTI - KERTASTJAKAR.**
**Blóm við öll tækifæri.**

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER

| | |
|---|---|
| Mánud.-fimmtud. | kl. 10 - 18 |
| föstud. | kl. 10 - 20 |
| laugard. | kl. 10 - 18 |
| sunnud. | kl. 14 - 18 |
| laugard. 19. des. | kl. 10 - 22 |
| miðvikud. 23. des. | kl. 10 - 23 |
| aðfangad. 24. des. | kl. 10 - 14 |

**TOPPBLÓMIÐ**
Sólgötu 11
Ísafirði



*Sendum ísfirskum skíðamönnum baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum í vetur.*

**Landsbanki Íslands**



*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri*

**Ísver**

# Máltækið segir:

# Gott er að hafa mikinn mat og marga helgidaga

Það á vel við um þessi jól, því nú verðum við með hinar ýmsu jólasteikur á góðu verði.

Í nægtarbrunni HN-búðarinnar verður m. a.:

*London lamb*
*Lambahryggir, léttreyktir*
*Hangilæri, heil*
*Hangilæri, úrbeinuð*
*Hangiframpartar, heilir*
*Hangiframpartar, úrbeinaðir*
*Hreinsuð lambasvið*

*Allt svínakjöt*
*Allt dilkakjöt*
*Allt nautakjöt*

*Rjúpur*
*Endur*
*Aligæsir*
*Kjúklingar*

*Spægipylsa, síld*
*o. fl. á kalda borðið*

Auk þess erum við með mikið úrval af frönskum kartöflum, frosnu grænmeti og öllu því öðru, sem gerir jólamatinn að jólamat

**Fyrir Þorláksmessu bjóðum við að sjálfsögðu kæsta skötu og vestfirskan hnoðmör**



HN BÚÐIN
SUNDSTRÆTI 34 ☎ 4013

**Sérverslun með kjöt og fisk**

# Tilvalið til jólagjafa:



Gjafakassar
Ilmvatn
Rakspíri
Chicco barnavörur

OPIÐ:
Laugardag 5. des. frá kl. 11.00 - 12.00 og 13.00 - 16.00
12. des. frá kl. 11.00 - 12.00 og 13.00 - 16.00
19. des. frá kl. 11.00 - 12.00 og 13.00 - 18.00
23. des frá kl. 9.00 - 23.00

ísafjarðar apótek
ÁSBJÖRN SVEINSSON, SÍMI 3009
PÓSTHÓLF 14, 400 ÍSAFJÖRÐUR

## — SKÍÐHEIMAR TIL LEIGU —

Skíðaskálinn Skíðheimar verður leigður út skíðatímabilið janúar - maí 1988, eins og undanfarin ár.

Óskað er eftir umsóknum þeirra sem áhuga hafa á að reka skálann umrætt tímabil fyrir 20. desember 1987.

Nánari upplýsingar gefur
íþrótta- og æskulýðsfulltrúi í síma 3722.

*NÝR BANKI*

**Útvegsbanki Íslands hf**

*NÝTT MERKI*

*NÝ KJÖRORÐ*

*Þar sem*
*þekking og þjónusta*
*fara saman*

*Þú ert velkominn*



*Gleðileg jól,*
*gott og farsælt komandi ár.*

Gunnvör hf.
P.O.Box 22 — 400 Ísafjörður



Quick-Step

**Ljósa og gjafavara í miklu úrvali.**

**Kirkja m/ljósi og spiladós (Heimsumból).**

**Gerfijólatré m/skreytingu og seríu.**

**Eitt fótstig með nýja Quick-Step jólatrésfætinum og grenitréð helst fast yfir jólin.**




**straumur HF** *Silfurgötu 5, Ísafirði*

# SKÍÐAVÖRUR

**Skíði - skór - bindingar - stafir**

fyrir **svig og göngu**

fyrir **keppendur jafnt sem byrjendur**







**Nýtt frá**
**Salomon**
**svigskór fyrir börn**

**Skíðapokar**
**Skópokar**
**Bakpokar**
**Áburðartöskur**

**Verið tilbúin**
**þegar snjórinn kemur**

**Úlpur - vattbuxur**
**peysur - stretsbuxur**
**samfestingar - keppnisbuxur**

**Göngugallar - göngusamfestingar**
**jakkar - buxur**

**Húfur - hanskar - sokkar**

**Odlo nærfatnaður**

SPORTHLAÐAN H.F.
SILFURTORGI 1
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 4123